



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun haustönn:** Enska 4. bekkur málabrautar – ENSK2OR09

**Kennarar:** Hilmar Guðlaugsson ([hilmar@mr.is](mailto:hilmar@mr.is))  
Katherine Louise Þóra Stokke ([katherine@mr.is](mailto:katherine@mr.is))

**Markmið:** Að nemendur

- efli orðaforða sinn í ensku
- öðlist yfirsýn yfir málfræði enskrar tungu
- geti lesið enskar smásögur og skáldsögur í upphaflegri gerð á nútímamáli. Miðað er við sögur með tiltölulega einföldum söguþræði
- kynnist enskum bókmenntum frá ýmsum tímum, bæði í bundnu máli og óbundnu efli hlustunarskilning
- geti tjáð sig um dagleg málefni og þjálfist í því að tjá munnlega óhlutbundna hugsun, m.a. í tengslum við námsefni
- geti ritað stuttar ritgerðir um bækur sem hann les, skrifað sendibréf til ókunnugra og gert útdrætti úr lesnu efni.

**Kennslugögn:**

- Enskir leskaflar handa 4. bekk málabrautar (fjölrit MR)
- Enskt ljóðahefti handa 4. bekk máladeildar: (fjölrit MR)
- Smásögur: Enskar smásögur handa 4. bekk (fjölrit MR)
- Ritgerðir og önnur skrifleg og munnleg verkefni
- Bækur: *The Absolutely True Diary of a Part-Time Indian* by Sherman Alexie.
- Skrifleg og munnleg verkefni

**Námsmat:** Skiptist í þrennt - Jólapróf, vorpróf og námseinkunn

**Jólapróf:** Skriflegt próf í 90 mínútur.

Námseinkunn byggist á munnlegri frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum á námstíma og skiptist þannig í lok skólaárs:

Ritunarverkefni - **5%**, Part Time Indian- **15%**, Bók á vorönn (tilkynnt síðar) – **15%**,  
The Importance of Being Earnest - **15%**, Fyrirlestur – **10%**, Orðaforðapróf **20%** og  
Ástundun – **20%**

**Athugið:** Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus eða án heimanáms verður honum vísað úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.